

PRAG YFIRLÝSINGIN

Framlag umhverfisreglunar til aukinnar samkeppnishæfni.

Framlag umhverfisreglunar til aukinnar samkeppnishæfni.

Yfirlýsing tenglanets forstjóra evrópskra umhverfisstofnana¹

Umweltbundesamt (Federal Environment Agency, Austria)	
Flemish Environment Agency	
Croatian Environment Agency	
Environment service, Cyprus	
Czech Environmental Information Agency	
Danish Environmental Protection Agency	
Estonian Environment Information Centre	
Finnish Environment Institute	
Federal Environmental Agency, Germany	
Federal Agency for Nature Conservation, Germany	
National Center for the Environment and Sustainable Development, Greece	
National Directorate for Environment, Nature and Water, Hungary	
Umhverfisstofnun	
Environmental Protection Agency, Ireland	
Italian Agency for Environment, Protection and Technical Services- APAT	
Latvian Environment, Geology and Meteorology Agency	
Environmental Protection Agency, Lithuania	
Malta Environment and Planning Authority	
Netherlands Environmental Assessment Agency	
Norwegian Pollution Control Authority	
Directorate for Nature Management, Norway	
Chief Inspectorate for Environmental Protection, Poland	
Institute for the Environment, Portugal	
Slovak Environmental Agency	
Slovak Hydrometeorological Institute	
Environmental Agency of the Republic of Slovenia	
Swedish Environmental Protection Agency	
Environment Agency for England and Wales	
Scottish Environment Protection Agency	
European Environment Agency	

¹

Tenglanetið er óformlegur hópur sem í eru forstjórar umhverfisstofnana og svipaðra stofnana hvarvetna í Evrópu. Í hópnum skiptast menn á skoðunum og greina frá reynslu sinni í tengslum við sameiginleg áhugamál stofnana sem vinna daglega að því að hrinda í verk markaðri stefnu í umhverfismálum.

Samantekt

Grein þessi fjallar um þau atriði sem benda til þess að umhverfisreglun² hafi þýðingu fyrir samkeppnishæfni í tengslum við þá áherslu sem ESB leggur nú á hagvöxt og atvinnusköpun. Niðurstaðan er sú að nútímalegar aðferðir við setningu og eftirfylgd regla geti:

- dregið úr kostnaði í iðnaði og á viðskiptasviðinu.
- skapað markaði fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu.
- knúið áfram nýsköpun.
- dregið úr viðskiptaáhættu og aukið traust fjárfestingarmarkaða og tryggingafélaga.
- aukið samkeppnishæfni og styrkt samkeppnismarkaði.
- skapað störf og viðhaldið þeim.
- bætt heilsu starfsmanna og alls almennings.
- verndað auðlindir náttúrunnar sem viðskiptalífið og velferð okkar byggist á.

Niðurstaða okkar er sú að alþjóðlegar rannsóknir sýni, svo að ekki verði um villst, að skynsamleg stjórnun og regluverk í umhverfismálum hindri ekki samkeppnishæfni og hagvöxt þegar á heildina er litið.

Tenglanet forstjóra evrópskra umhverfisstofnana sendir frá sér þessa samantekt og er hún framlag þeirra til þeirrar umræðu sem nú á sér stað.

Inngangur

Virkt regluverk í umhverfismálum er óaðskiljanlegur hluti öflugra markaða og mikilvægur þáttur í lifandi hagkerfum nútímans. Óskipulagðir markaðir myndu vera óreiðukenndir, innan þeirra þrífst ójöfnuður og þeir eru ólíklegir til að skila þeim árangri sem fólk óskar, þ.e. öruggum og áreiðanlegum framleiðsluvörum og hreinu umhverfi í lífi okkar og starfi.

Stundum er gengið út frá hinu gagnstæða, þ.e. að umhverfisreglun hægi á hjólum efnahagslífsins, hún sé þungur baggi á viðskiptalífinu og dragi úr afköstum og samkeppnishæfni. Þeim sem reka fyrirtækin vex oft í augum sá tími og sá kostnaður sem fylgir því að skipta við þá sem standa að regluverkinu og þeim hættir til að vanmeta þann ágóða sem regluverkið veitir viðskiptalífinu og samfélaginu almennt.

Íþyngjandi umhverfisreglur geta verið skaðlegar en nútímaleg nálgun getur stuðlað að því að koma á þeim umhverfisumbótum sem fólk ætlast til og með aðferðum sem falla að samkeppnishagkerfinu. Góð og nútímaleg reglun byggist gjarnan á blöndu af stefnumarkandi stjórnækjum, þar á meðal hagrænum aðgerðum eins og verslun með losunarkvóta, áhættumiðuðum aðgerðum og dugandi stjórnun og samráði við rekstrar- og hagsmunaaðila.

Nokkur lönd, þar á meðal Þýskaland, Ítalía og Svíþjóð benda á hagræðið af því að hafa samræmda umhverfislöggjöf þar sem tekin er saman og samræmd öll lagasetning er varðar umhverfismál og náttúruvernd. Slíkt lagasafn gæti gert lögin aðgengilegri öllum almenningi og fyrirtækjum og jafnframt auðveldað yfirvöldum að framfylgja þeim.

Samfélagið nýtur góðs af minnkandi mengun, minni úrgangi og bættum lífsgæðum. Fyrirtækin geta líka hagnast ef reglur eru skýrar og einfaldar og þeim hrint í framkvæmd með virkum hætti í stað þess að óvissa ríki og þau þurfi að keppa við aðila sem sniðganga reglurnar.

Góð umhverfisreglun getur stuðlað að minni kostnaði í iðnaði og viðskiptum

Umhverfisreglun getur haft í för með sér beint hagræði og getur dregið úr útgjöldum t.d. með orkusparnaði og við minnkun úrgangs og hjálpað fyrirtækjunum að þróa eftirsóttari vörur.

Þessi sparnaður skilar ágóða í öllu hagkerfinu. Rannsóknir í Bretlandi³ gefa til kynna að:

- lágmörkun úrgangs gæti skilað næstum 4,4 milljarða evra sparnaði í árlegum rekstrarkostnaði framleiðenda en það samsvarar 7% af hagnaði ársins 2000. 60% sparnaðarins felst í kostnaði vegna hráefnis sem ekki skilar sér í endanlegri vöru.
- Iðnaðurinn gæti sparað 2,7 milljarða evra með bættri orkunýtingu.
- Algengt er að fjármunum, sem varið er til að bæta meðferð úrgangs, skili sér til baka á innan við 12 mánuðum.

- Landbúnaðurinn gæti sparað u.þ.b. 1,3 milljarða evra með bættum aðferðum við umhverfistjórnun.

Einstök fyrirtæki sýna einnig fram á að slíkur ávinningur sé ekki einungis til skamms tíma. Fyrirtæki í heilsugeiranum, Baxter International, segist spara meira en 50 milljónir evra á ári vegna aðgerða í sambandi við umbúðir og lágmörkun úrgangs sem fyrirtækið hefur staðið að síðan 1996. Tæknifyrirtækið 3M hóf að vinna eftir mengunarvarnaáætlun sinni árið 1975 og hagnast enn á því. Forsvarsmenn 3M segjast hafa sparað um 740 milljónir evra á þeim árum sem síðan eru liðin.

Comieco, landssamtök fyrirtækja á Ítalíu sem vinna að endurheimt og endurvinnslu umbúða sem innihalda sellulósa, greindi fyrir skemmstu frá árangri aðildarfélaganna við söfnun og flokkun pappírs og pappa á síðastliðnum sex árum⁴. Kostnaðar-/árangursgreiningin sýnir 610 milljóna evra jákvæða stöðu sem jafngildir ársframleiðslu ítalska pappírsiðnaðarins og samsvarar 3,5 ára pappírshotkun dagblaðanna í landinu.

Skynsamlegar reglur geta hjálpað fyrirtækjum að skilja hvernig á að skapa slíkan hagnað til hagsbóta fyrir þau og hluthafana. Með því að fylgja ákvæðum reglugerða stuðla þau jafnframt að framförum í umhverfismálum.

Samkomulag milli stjórnvalda og iðnaðarins um einhliða skuldbindingar iðnaðarins getur reynst gagnleg leið til þess að stuðla að nýsköpun í bættum starfsháttum í umhverfismálum. Þetta á einkum við um starfshætti sem byggjast að grunni til á reglugerðaramma og sem er fylgt eftir með frjálsri þátttöku í sértækum aðgerðum og í starfsemi sem gagnast samfélaginu og þar sem þátttakendurnir eru fjölmargir hagsmunaaðilar.

Gott dæmi um þetta er samkomulag um einhliða skuldbindingar sem gert var um svæði olíuefnaiðnaðarins í Porto Marghera við Feneyjar á Ítalíu. Árangurinn birtist í bættum gæðum af ýmsu tagi og sparnaði í umhverfisútgjöldum sem tengjast hreinsun og endurbótum á menguðum svæðum, auk þess sem komið var í veg fyrir eða dregið úr kostnaði við yfirstandandi eða hugsanlegar lögsóknir. Samkomulagið tekur einnig til vöktunar og eftirlits og fullrar þátttöku opinberra aðila, einkaaðila og félagasamtaka sem hagsmuna hafa að gæta.

Í sumum löndum, þar á meðal á Ítalíu, er „EMAS“ og „Ecolabel“ árangursrík dæmi um einhliða skuldbindingar iðnaðarins sem styðjast við vandað regluverk. Ekki er einungis um að ræða bætta umhverfisreglun og bætta framleiðslu heldur líka sparnað á auðlindum, dregið er úr kostnaði og grænir markaðir eflir.

Tenglanetið mun leitast við að finna sérstök dæmi um þetta í aðildarlöndunum og sjá til þess að þekkingin berist til hinna fjöldamörgu hagsmunaaðila.

Strangari umhverfistaðlar og –reglun stuðla að því að markaðir skapist fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu

Heimsmarkaðurinn fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu er talinn 425 milljarða evra virði og mun að öllum líkindum vera kominn upp í 565 milljarða á árinu 2010⁵. Þessi tala er sambærileg við það sem gerist í flugvéla- og lyfjaiðnaðinum. Í Bretlandi eru nú þegar rúmlega 17.000 fyrirtæki á þessu sviði með áætlaða árlega veltu upp á 33 milljarða evra.

Hin alþjóðlega efnahagsstofnun iðnaðar og umhverfismála í Lundi í Svíþjóð hefur upplýst að störfum í umhverfistengdum greinum í landinu sé stöðugt að fjölga⁶. Því er spáð að á næstu árum muni þeim stöðugt fjölga sem vinna a.m.k. að einhverju leyti störf er tengjast umhverfismálum.

Michael Porter hjá Harvard-háskólanum hefur ásamt öðrum sýnt fram á að yrtækni, sem eru í fremstu röð á markaði, starfa oft í löndum með stranga umhverfisstaðla og þau standa betur fjárhagslega en lönd sem búa við slakari staðla⁷. Þetta stafar af því að strangir staðlar stuðla að nýsköpun, bæði hjá fyrirtækjum sem selja umhverfislausnir og eins hjá þeim sem þurfa að uppfylla þessa staðla. English Nature hefur tekið saman gagnlegt yfirlit yfir alþjóðlegar rannsóknir á þessu sviði frá því að Porter birti niðurstöður sínar⁸.

5

http://www.dti.gov.uk/sectors_environment.html

6

OECD Environmental Performance Review of Sweden, 2004

7

Porter, M. 1990. The Competitive Advantage of Nations

8

English Nature Research Report no 368, April 2005

9

Porter, M. and Van der Linde, C., 1995, 'Towards a New Conception of the Environment-Competitiveness Relationship', Journal of Economic Perspectives 9, No 4 (fall 1995)

Góð umhverfisreglun knýr áfram nýsköpun

Sumar atvinnugreinar byggja farsæld sína á ströngum umhverfisstöðlum, augljóslega einkum þeim sem krefjast hreinnar tækni og hreinnar meðhöndlunar úrgangs. Forysta Dana í smíði vindaflsrafstöðva er dæmi þar sem þjóð í forystu á sviði umhverfismála og nýsköpunar hefur tryggt örugga samkeppnisstöðu.

Það skiptir miklu máli hvernig fyrirtækin bregðast við reglun, einkum á sviði umhverfismála, en reglun á því sviði er oft ætlað að breyta atferli. Michael Porter hefur bent á þann drifkraft sem í þessu felst. Hann segir: „Gögnin, sem við höfum í höndunum, sýna það greinilega að hægt er að draga mjög úr kostnaðinum vegna nýrra umhverfisreglna og jafnvel losna við hann með öllu með ýmiss konar nýsköpun sem skilar ábata af öðru tagi“⁹.

Sumir halda því fram að ef fyrirtæki stefna arðsemi sinni í voða með því að vanrækja nýsköpun og þróunarvinnu kveði önnur fyrirtæki á markaði, sem ekki er reglustýrður, sinn dóm yfir þeim. Þessu mótmæla Porter og Van der Linde og halda því fram að engin rök séu fyrir því enda þurfi reglun til að vekja fyrirtækin til dáða, til að efla árvekni þeirra, til að kenna þeim að hagnýta sem best það sem þau hafa úr að móða og til að gera þeim grein fyrir möguleikum á frekari tækniþróun og vernda umhverfið í leiðinni.

Það er alveg ljóst, svo að dæmi sé tekið, að fyrirtæki fara út í nýsköpun til að bregðast við strangari reglum um meðferð úrgangs. Þau leitast við að breyta framleiðsluferlunum og vörunum sem þau framleiða til að draga úr myndun úrgangs. Á svipaðan hátt hafa fyrirtæki brugðist við álögum í tengslum við loftlagsbreytingar með því að fjárfesta í orkusparandi tækjum og ferlum til að draga úr kostnaði.

10

Berkhout, F. et al. WWF 2003.
Innovation in the chemicals sector
and the new European chemicals
regulation

11

EC COM (2004), 28 Jan 2004

12

PricewaterhouseCoopers May
2004: Examples of Eco-efficient
Innovations

13

Environment Agency, England
and Wales, 2004. Corporate
Environmental Governance:
a study into the influence of
Environmental Governance and
Financial Performance

Í skýrslu World Wildlife Fund um áhrif reglna um efni og efnavörur á nýsköpun, sem búið er að gera tillögur um hjá ESB, er komist að þeirri niðurstöðu að reglurnar muni að öllum líkindum hvetja til nýsköpunar með því að reka á eftir að hætt verði notkun skaðlegra og miður sjálfbærna efna og að farið verði að framleiða öruggari efni í staðinn. Slík nýsköpun myndi efla samkeppnishæfni viðkomandi greina á heimsvísu vegna þess að eftirspurnin yrði meiri eftir hinum nýju efnum¹⁰.

Vönduðum reglum verður að fylgja eftir með öðrum aðgerðum svo að markaðirnir sjái kosti umhverfisvænnar tækni. Eins og tekið er fram í Aðgerðaáætlun ESB á sviði umhverfisvænnar tækni (ETAP)¹¹, verður að gera eitthvað til að efla tiltrú neytenda, eins og t.d. með því að efla og endurbæta prófanir, auka vottun svo og með því að bæta og auka stöðlun. Einnig þarf að hætta niðurgreiðslum sem skaða umhverfið. Aðgerðir sem fela í sér hnitmiðaða efnahagslega hvata eru einnig mikilvæg verkfæri til að ná fram markmiðum stefnumótunar.

Í skýrslu um rannsókn á 18 tilteknum dæmum um vistvæna og hagnýta nýsköpun í ýmsum ESB-löndum er greint frá aðgerðum, sem stjórnvöld geta gripið til í því skyni að styðja við þróun umhverfisvænnar tækni. Rannsóknin var unnin árið 2004 á vegum hollenska ráðuneytisins sem fer með húsnæðismál, landnýtingu og umhverfismál¹².

Það þarf að skapa tækifæri til að efla hagvöxt sem byggist á skynsamlegri stjórn umhverfismála. Það málefni ætti einnig að vera ofarlega á hinni alþjóðlegu verkefnaskrá. Þetta hefur verið viðurkennt á hinum stækkaða G8-leiðtogafundi eins og fram kemur í 3Rs-áttakinu, sem tillaga hefur verið gerð um, til að koma á skynsamlegri nýtingu efna (material-cycle approach) um víða veröld með því að minnka framleiðslu úrgangs, endurnota og endurvinnna úrgang.

Góð umhverfisreglun dregur úr viðskiptaáhættu og eflir tiltrú á fjárfestingamarkaði og hjá tryggingafélögum

Fjárhagslegur ávinningur kemur einnig fram hjá fyrirtækjum sem halda vel utan um umhverfistengd mál og hjá lífeyrissjóðum sem fjárfesta í þeim fyrirtækjum.

Nýlegar rannsóknir sýna að samband er á milli umhverfisreglunar – þ.e. stefnumörkunar, ferla og afkasta – og fjármálalegrar frammistöðu. Slíkt samband kom í ljós í 51 af 60 nýlegum rannsóknum sem farið var yfir af vísindamönnum. Þar var frammistaða einstakra fyrirtækja, heilla atvinnugreina og lífeyrissjóða skoðuð¹³. Sem dæmi má nefna að munurinn á fjármálalegri frammistöðu þeirra fyrirtækja sem stóðu sig best og verst í olíu- og gasgeiranum var næstum 12% á þremur árum. Svipað er uppi á teningnum þegar kemur að UK Financial Times Share Exchange (FTSE) vísitölunni. Þar sést að verð hlutabréfa í bestu rafveitunum var 39% hærri en í hinum verstu á þriggja ára tímabili.

Önnur nýleg könnun, sem gerð var af Climate Group, sýndi að 5 alþjóðleg fyrirtæki (DuPont, Alcan, British Telecom, IBM og Norske Canada) höfðu

dregið úr losun sinni á gróðurhúsalofttegundum um meira en 60% frá því á árinu 1990. Sparnaðurinn, sem af þessu hlaust var yfir 6 milljarðar evra og stafaði af bættri orkunýtingu (framleiðsluferli, vörur, byggingar), breyttu eldsneyti og minni úrgangi¹⁴.

Bankarnir og tryggingafélögin, sem veita viðskiptaráðgjöf og tryggja alla atvinnustarfsemi, hafa velþóknun á fyrirtækjum sem fengið hafa góða einkunn í umhverfismálum og ekki er talið að skapi mikla umhverfisáhættu. Þessi fyrirtæki eiga greiðari aðgang að lánsfé og greiða lægri tryggingagjöld en fyrirtæki sem fá lakari einkunn. Nýleg dönsk rannsókn staðfestir að fjármálastofnanir taka tillit til stjórnunar á umhverfisáhættu fyrirtækja við mat sitt á þeim¹⁵.

Góð umhverfisreglun getur aukið samkeppnishæfni og styrkt samkeppnismarkaði

Fjölmargar rannsóknir hafa afsannað þá fullyrðingu að umhverfisreglun dragi úr samkeppnishæfni. Þvert á móti getur góð umhverfisreglun haft jákvæð áhrif því að það hvetur fyrirtækin til að brydda á nýjungum og taka upp nýjar og betri aðferðir. Hjá Alþjóðabankanum hafa menn staðhæft að „öfugt við það sem almennt er talið, hafa hinir ströngu umhverfisstaðlar iðnvæddu ríkjanna ekki dregið úr samkeppnishæfni þeirra á alþjóðamarkaði“¹⁶. Stofnunin World Resources Institute hefur þetta að segja: „Ekkert bendir til þess að atvinnugreinar sem þurfa að bera kostnað, sem á þær fellur vegna reglna á umhverfissviði, standi sig illa á alþjóðlegum mörkuðum“¹⁷.

Rannsókn, sem DG Enterprise hefur gert, sýnir að mengunarlöggjöf í Evrópu hefur mjög lítil áhrif á samkeppnisgetu atvinnuveganna, einkum og sér í lagi í samanburði við aðra heimshluta¹⁸. Reyndar var samkeppnishæfnin miklu fremur háð gæðum framleiðslunnar og hráefnisins svo og staðsetningu verksmiðja með tilliti til markaða og flutningskostnaðar. Aðrar rannsóknir hafa hins vegar gefið til kynna að við þjóðhagslegar rannsóknir kunni mönnum að sjást yfir veruleg frávík og ýmis flókin atriði er snerta einstakar atvinnugreinar¹⁹.

Við undirbúning löggjafar geta einnig komið fram svartsýnar spár um hugsanleg áhrif hennar á samkeppnishæfnina. Hins vegar hefur stofnunin Economic Policy Institute komist að þeirri niðurstöðu að þar sem spáð var fyrir um eftirlitskostnað og spárnar síðan bornar saman við hinn raunverulega kostnað, þegar hann lá fyrir, kom ævinlega í ljós að spárnar voru hærri en raunkostnaðurinn. Ofmat á væntanlegum kostnaði vegna eftirlits kom fyrir bæði hjá fulltrúum atvinnulífsins og þeim sem voru að setja reglurnar.

Forsvarsmenn efnaiðnaðar ESB-landanna hafa haldið því fram að það að draga smátt og smátt úr framleiðslu ósóneyðandi efna yrði óheyrilega dýrt og smáfyrirtæki yrðu að hætta rekstri. International Chemical Secretariat sýndi fram á að raunkostnaður vegna þessarar kröfu væri smávægilegur og að verðið til neytenda myndi ekki hækka neitt. Áhrifin á samkeppnishæfnina yrðu lítil²⁰.

14

The Climate Group, 2004. Carbon Down, Profits Up

15

Miljøprosjekt No 836, 2003: Environmentally Sustainable Markets: The Role of Financial Actors

16 World Bank. Competitiveness and Environmental Standards

17 „Jobs, Competitiveness and Environmental Regulation: What are the Real Issues“,

18 DG Enterprise, 2004. An Analysis of EU Air Pollution Policies: Implications for the Competitiveness of European Industry

19 Williams E, MacDonald K & Kind V. Unravelling the Competitiveness Debate. Journal of European Environmental Policy 12 (5) 284-290, 2002

20

International Chemical Secretariat. Cry Wolf – Predicted Costs by Industry in the Face of New Regulations. ICS Report No 6:04, 2004

21
World Bank 2005. Doing Business
in 2005

22
DG Enterprise, 2001. The Impact
of BAT on the Competitiveness
of European Industry. (DG
Enterprise, 2001

23
Hampton P, 2005, UK
Government. Reducing
administrative burdens: effective
inspection and enforcement

24
OECD Survey 2001.
Business Views on Red Tape
– administrative and regulatory
burdens on small and medium-
sized enterprises

Alþjóðabankinn bar saman reglun í 145 löndum árið 2005²¹. Niðurstaðan var sú þegar raðað er eftir umfangi viðskipta að öll löndin í efstu sætunum setja reglur en þau gera það þannig að kostnaði og álagi á atvinnuvegina er halda í lágmarki. Meðal þeirra 20 hagkerfa þar sem auðveldast er að stunda viðskipti eru eftirtalin Evrópulönd: Noregur, Bretland, Svíþjóð, Sviss, Danmörk, Holland, Finnland, Írland, Belgía, Litháen og Slóvakía.

DG Enterprise í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kannaði hvaða áhrif IPPC-tilskipunin (Tilskipun um samþættar mengunarvarnir) hefur á samkeppnishæfni. Þar kemur fram að besta fáanleg tækni (Best Available Techniques, BAT) fyrir ferli hefur að öllu jöfnu jákvæð áhrif á samkeppnishæfnina. Þar kom einnig í ljós að aðilar, sem standa sig vel á umhverfissviðinu, t.d. þeir sem tóku BAT upp snemma, standa alls ekki höllum fæti hvað varðar samkeppnishæfni og hafa ágæta möguleika á að spara sig þegar til lengri tíma er litið²². Þetta gefur til kynna að fyrirtæki, sem hafa markaða umhverfisstefnu, þurfi einungis að nýta sér til fulls veittan aðlögunartíma í stað þess að streitast á móti eða halda að sér höndum.

Algengt er að stjórnvöld beiti áhættugreiningu í tengslum við regluverkið svo að tryggt sé að fjármagnið lendi þar sem þess er einkum þörf. Með áhættugreiningu má einnig draga úr stjórnsýslukostnaði við kerfisbundið eftirlit.

Margar ástæður eru fyrir því að setning reglna er ranglega álitin trufla samkeppni. Algengast er að menn mikli fyrir sér þann tíma sem fer í samskipti við þá sem reglurnar setja en taka síður eftir því sem vinnst, eins og t.d. sanngjarnri samkeppni og minni mengun. Svo virðist sem fyrirtækin ofmeti þann tíma sem fer í að laga þau að nýjum aðstæðum. Í nýlegri skýrslu, sem unnin var fyrir bresk stjórnvöld (Hampton skýrslunni²³), er gert ráð fyrir að í fyrirtæki þar sem vinna 19 manns fari minna en 2½ klukkustund á mánuði í það hjá hverjum starfsmanni að framfylgja öllum reglugerðum hins opinbera og vinna tilheyrandi pappírsvinnu (ekki bara þeim sem varða umhverfismálin). Megnið af þessari vinnu tengist reglugerðum um vinnu og fjármál (OECD metur það svo að 46% þess tíma sem fer í að uppfylla ákvæði reglugerða sé í tengslum við skatta og 35% tengist starfsfólkinu²⁴). Hins vegar kemur einnig fram í skýrslunni að það fari hlutfallslega minni tími í það hjá hverjum starfsmanni að fara eftir ákvæðum reglugerða hjá stærri fyrirtækjum en þeim minni.

Meira máli skiptir að við mat á áhrifum umhverfisreglunar er tveimur mikilvægum þáttum iðulega sleppt:

- Eigin umhverfisreglun sem kæmi í stað formlegra skilyrða ef þau væru ekki fyrir hendi.
- Með hvaða hætti fyrirtækin aðlaga sig reglugerðunum.

Eigin umhverfisreglun er algeng í mörgum starfsgreinum vegna þess að það er í þágu fyrirtækjanna sjálfra að sýna ábyrgð og vegna þess að samfélagið krefst þess að þau sýni ekki andfélagslega hegðun eins og t.d. að losa sorp á óforsvaranlegan hátt. Einhliða aðgerðir fyrirtækja duga ekki alltaf til að tryggja ábyrga hegðun margra aðila og opinberar reglur geta

verið betri kostur vegna þess að þá er allt á hreinu og allir jafnir. Reyndar duga einliða aðgerðir ekki nema aðilar séu sammála um að eftirlit verði tekið upp ef árangurinn er ófullnægjandi. Ólíklegt er að kostnaður við eftirlit hyrfi ef opinber umhverfisreglun yrði afnumin.

Góð umhverfisreglun eflir atvinnusköpun og viðhaldur störfum

Ýmislegt bendir til þess að nettóáhrif umhverfisreglunar á atvinnustigið séu annaðhvort engin eða lítið eitt jákvæð. Sá geiri efnahagslífsins þar sem hin jákvæðu áhrif eru augljósust er sá sem umhverfisvæn framleiðsla og þjónusta fellur undir. Á árinu 2001 voru í honum meira en 2 milljónir stöðugilda í ESB15²⁵.

Samtökin Confederation of British Industry (CBI), sem fylgjast mjög náið með samkeppnismálum, hafa lýst því yfir að „hagvöxtur getur vel farið saman við bætt umhverfi“²⁶ og jafnframt að ekki hafi komið fram „neinar sterkar vísbendingar um að umhverfisreglun fækki störfum eða skaði viðskipti“²⁷.

Ströng skilyrði hafa einnig mikla þýðingu fyrir atvinnugreinar eins og ferðaþjónustu og afþreyingariðnað en það skiptir þessar greinar miklu máli að umhverfið sé aðlaðandi því að annars dafna viðskiptin ekki. Í Englandi er áætlað að 2,6 milljónir stöðugilda felist í stjórnun náttúrunnar²⁸. Í Wales er gert ráð fyrir að 1 af hverjum 6 starfandi mönnum byggi afkomu sína á umhverfinu en í Skotlandi eru næstum jafnmargir í störfum er tengjast náttúruminum eins og í störfum í líftækni, símamiðstöðvum og rafeindaiðnaði samanlegt.

Yfirlit OECD yfir frammistöðu Svía í umhverfismálum 2004 sýnir að í löndum með öfluga umhverfisreglun á umhverfisiðnaðurinn (umhverfisvæn framleiðsla og þjónusta) mikinn þátt í því að halda niðri atvinnuleysi²⁹. OECD greinir frá því að árið 1998 hafi sænski umhverfisiðnaðurinn náð yfir meira en 6.700 umhverfisfyrirtæki með næstum því 95.000 starfsmenn (um 1,5% allra starfandi manna í landinu), einkum í fyrirtækjum er vinna að meðhöndlun úrgangs og ýmsu er lýtur að náttúruauðlindum. Velta umhverfisiðnaðarins var um 163 milljarðar sænskra króna eða 4% af heildarveltu sænsks iðnaðar.

Góð umhverfisreglun bætir heilsu vinnandi fólks og alls almennings

Náið samband er á milli heilsufars fólks og umhverfisins. Hreint umhverfi stuðlar að því að fólk lifir lengur við góða heilsu en það gerir því kleift að taka virkan þátt í atvinnulífinu. Regluverk um umhverfismál getur haft mikil áhrif með því að draga úr mengun og veita öllum aðgang að óspilltu umhverfi.

Í skýrslu frá Alþjóðabankanum kemur þetta fram: „Hagvöxtur er aðeins eitt af því sem vinnst við það að setja fullkomnari reglur um verslun og

25 Ecotec. Analysis of the EU Eco-Industries, their Employment and Export Potential, 2001

26 “The UK as a place to do business” 2004

27 „Environment Costs - The Effects on Competitiveness, Health and Safety” 1994

28 The European Regional Policy Group of UK Agencies. The Environment, Economic Growth and Competitiveness: The Environment as an Economic Driver, 2005

29 OECD Environmental Performance Review of Sweden, 2004

- 30
World Bank 2005. Doing Business in 2005
-
- 31
http://europa.eu.int/comm/environment/air/cafe/pdf/strat_com_en.pdf
-
- 32
Committee on the Medical Effects of Air Pollution (COMEAP), 1998
-
- 33
An Evaluation of the Air Quality Strategy, Report to Defra by AEA Technology. December 2004 Report ED50252
-
- 34
Assessment of the Impact of the New Chemicals Policy on Occupational Health, report by RPA for European Commission Environment Directorate-General, March 2003
-
- 35

viðskipti. Fólki líður betur og það nær betri árangri. Stjórnvöld geta varið skattatekjum til að bæta heilbrigðis- og menntakerfin í stað þess að efla skriffinskuna. Fyrirtæki eyða minni tíma og fjármunum í það að uppfylla ákvæði reglugerða og í að leita fjármögnunarleiða sem lítið hefst upp úr. Í staðinn beita þau kröftum sínum í að framleiða og markaðssetja afurðir sínar. Í öðru lagi eyðir hið opinbera ekki eins miklum fjármunum í eftirlit en ver hins vegar meiru í félagslega grunnþjónustu³⁰. Í skýrslunni kemur fram að með því að draga úr stjórnunarkostnaði í sambandi við reglur um 15% hafi Svíum, Norðmönnum, Hollendingum og Belgíumönnum tekist að lækka heildarútgjöld hins opinbera um 1,2 til 1,8%. Það er þannig sem betra regluverk getur losað fjármuni sem síðan er hægt að nota til að bæta heilsufar og efla lífsgæði þegnanna.

Það er ekki hægt að eyða allri hættu á heilsutjóni vegna mengunar frá iðnaði sem reglur hafa verið settar um vegna þess að þá er viðbúið að arðsemi minnki og samfélagið yrði án varanna sem sá iðnaður framleiðir og þjónustunnar sem hann lætur í té. Samt hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins áætlað í nýlegri sóknaráætlun um bætt loftgæði³¹ að hægt sé að minnka útgjöld til heilbrigðismála vegna loftmengunar um 42 - 135 milljarða evra á ári árið 2020 með árlegum kostnaði upp á 7,1 milljarð á sama tíma.

Samkvæmt mati sem gert var árið 1998 í Bretlandi geta skammtímaáhrif loftmengunar leitt til ótímabærs dauða allt að 24.000 heilsutæpra einstaklinga á ári hverju³² þar eð loftmengun getur spillt enn frekar heilsu þeirra sem eru veikir í lungum eða fyrir hjarta eða eru astmaveikir. Í nýlegra mati sem bresk stjórnvöld létu gera á aðgerðum vegna stefnumörkunar til að bæta loftgæði í landinu kemur fram að dauðsföllum hefur fækkað um u.þ.b. 4.225 í Bretlandi af því að dregið hefur úr losun mengandi efna vegna skilyrða sem sett hafa verið³³. Samkvæmt áliti Umhverfisstofnunar Evrópu endurspeglar tölur sem þessar ekki nógu vel áhrif umhverfisþátta á dánartíðni og sóttarfar í Evrópu. Hjá EEA er að hefjast frekara rannsóknarstarf á því sem græðist eða tapast á aðgerðum eða aðgerðaleyfi þegar menn standa frammi fyrir umhverfisvandamálum.

Sum efni og efnasambönd eru hættuleg og geta skapað hættu á heilsutjóni ef þau sleppa út í umhverfið við notkun. Þeirra á meðal eru flokkar efna sem eru þrávirk í umhverfinu, safnast fyrir í líkamsvefjum, eru eitruð, valda krabbameini eða trufla hormónastarfsemi líkamans (efni sem spilla starfsemi innkirtla). Á heimsráðstefnunni um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg árið 2002 skrifuðu mörg ESB-ríki undir skuldbindingu þess efnis að árið 2020 skyldu efni og efnasambönd framleidd og notuð á þann hátt að verulega neikvæð áhrif þeirra á heilsufar fólks og umhverfið yrðu lágmörkuð.

Tillaga framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um skráningu, mat og gildingu efna og efnasambanda (REACH) gæti sem dæmi verið góður grundvöllur til að byggja á varnir gegn skaðlegum heilsufarsáhrifum efna og efnasambanda. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur reiknað út að það sem ynnist í baráttunni gegn atvinnusjúkdómum, ef miðað væri við upprunalegu REACH tillögurnar, gæti numið um 54 milljörðum evra á 30 árum³⁴.

Hreyfingarleysi og fjarvera frá vinnumarkaði, iðulega vegna heilsuleysis sem rekja má til umhverfisþátta, er nú metið á um 12 milljarða evra á ári í Bretlandi. Tíu prósentu aukning líkamlegrar áreynslu hjá fullorðnu fólki myndi spara að minnsta kosti 735 milljónir evra á ári. Það myndi hafa veruleg áhrif á almennt heilsufar og verða til þess að fullorðið fólk gæti lagt miklu meira af mörkum til efnahagslífsins. Þannig gæti fyrirtæki, sem stendur sig vel við að uppfylla kröfur umhverfisreglugerða, aukið hagnað sinn vegna þess að draga myndi úr fjarvistum starfsfólks.

Williams et al. Exploring the Value of Scotland's Environment. Quarterly Economic Commentary, Fraser of Allander Institute Vol 28 No1 March 2004

36

Williams et al. The Value of Scotland's Ecosystem Services and Natural Capital. The Journal of European Environmental Policy Volume 13 No 2, March-April 2003

Góð umhverfisreglun verndar auðlindir náttúrunnar sem viðskiptalífið og velferð okkar byggist á

Að lokum verður að geta þess að ekki má loka augunum fyrir því að góð umhverfisreglun gerir sitt til að varðveita og vernda þær vörur og þá þjónustu sem náttúran færir okkur á silfurfati ef vistkerfin fá að starfa eins og þeim er eðlilegast. Þar má nefna stöðugt loftslag, náttúrlegar auðlindir eins og vatn, loft og jarðveg, svo og líf- og jarð-efnafræðilega endurvinnslu. Efnahagslíf okkar er mjög háð slíkri þjónustu en við tökum hana afar oft sem sjálfsögðum hlut.

Í nýlegum skoskum rannsóknum hefur verið reynt að leggja efnahagslegan mælikvarða á þessa þjónustu vistkerfa^{35 36}. Samkvæmt þeim var verðmæti vistkerfaþjónustu í Skotlandi um 22 milljarðar evra - um fjórðungur af vergri landsframleiðslu Skotlands. Þrátt fyrir það eiga umhverfisverndarstofnanir oft í vök að verjast vegna staðhæfinga um að ströng stýring umhverfismálefna og eftirlit með þeim hefti hagvöxt, dragi úr samkeppnishæfni og þvingi iðnfyrirtæki til að flytja reksturinn til svæða þar sem stefnumörkun í umhverfismálum er slakari.

Niðurstaða

Þau atriði, sem tiltekin eru í þessari samantekt, sýna að góð umhverfisreglun í Evrópu getur eftir og stutt við hreint og samkeppnishæft efnahagslíf og tryggt okkur heilsusamlegt umhverfi í lífi okkar og störfum.

Við, sem aðilar að EPA-tenglanetinu, höfum bætt okkur verulega í því að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til okkar með lagasetningu en við stefnum að því að halda áfram að bæta okkur. Í þessu samhengi mun Netið vinna áfram að því að finna hugsanlegar hindranir og sigrast á því sem stendur í vegi vandaðrar stjórnunar, halda því til haga sem vel er gert og greina frá einstökum hagnýtum dæmum um góða umhverfisreglun.

Í nóvember 2005